

**Nr. 18-056 S 036 Drangey SK 2*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 2893  
*IMO* 9758222  
*Smíðaður:* Tyrkland 2017, stál  
*Útgerð:* FISK-Seafood ehf  
*Stærð:* 2080,78 bt  
*Mesta lengd:* 62,55 m *Skráð lengd:* 58,47 m  
*Breidd:* 13,52 m *Dýpt:* 8,20 m  
*Vél:* YANMAR 1620 kW, 2015  
*Fjöldi skipverja:* 15



Drangey©NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 27. febrúar 2018 var Drangey SK 2 á togveiðum á Vesturmiðum. Veður: S 8 m/s.

Sleppikrókur slóst í vinstri hönd á skipverja þegar hann var að losa dauðalegginn frá bb. toghlera. Skipverjinn bólгнаði upp á handarbaki og fingri.

***Við rannsókn kom fram:***

- að mikið átak var á sleppikróknum sem var þess valdandi að ekki náðist að opna hann nema með því að berja á hann með sleggju;
- að álíka slys hafði orðið nokkru áður og voru dauðaleggirnir þá lengdir;
- að eftir slysið voru dauðaleggirnir lengdir enn frekar og hefur ekki orðið óhapp með þá síðan;
- að bæði slysin urðu skömmu eftir að áhöfnin tók við skipinu nýju og hófu veiðar.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins var að dauðaleggurinn var of stuttur.

Mikilvægt er að þegar áhafnir taka við nýjum skipum að framkvæmt sé áhættumat og að skipverjar gæti íturstu varkárni meðan þeir kynnast nýjum skipum. Það hefði átt að vera ljóst að þegar beita þurfti verkfærum við að losa sleppikrókinn að það væri slyshætta á ferð.